

EES-viðbætur

við Stjórnartíðindi EB

ISSN 1022-9337

Nr. 33

7. árgangur

20.7.2000

I EES-STOFNANIR

1. EES-ráðið
2. Sameiginlega EES-nefndin
3. Sameiginlega EES-þingmannanefndin
4. Ráðgjafarnefnd EES

II EFTA-STOFNANIR

1. Fastanefnd EFTA-rikkanna
2. Eftirlitsstofnun EFTA
3. EFTA-dómstóllinn

III EB-STOFNANIR

1. Ráðið
2. Framkvæmdastjórnin

2000/EES/33/01	Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (Mál nr. COMP/M.1926 – Telefónica/Tyco/JV)	1
2000/EES/33/02	Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (Mál nr. COMP/M.1940 – Framatome/Siemens/Cogema/JV)	2
2000/EES/33/03	Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (Mál nr. COMP/M.2016 – France Télécom/Orange)	2
2000/EES/33/04	Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (Mál nr. COMP/M.2032 – SCA Packaging/Metsä Corrugated)	3
2000/EES/33/05	Ný tilkynning um áður tilkynnta samfylkingu fyrirtækja (Mál nr. COMP/M.2052-Industri Kapital/Alfa Laval Holding)	4
	3. Dómstóllinn	

EB-STOFNANIR

FRAMKVÆMDASTJÓRNIN

Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (Mál nr. COMP/M.1926 – Telefónica/Tyco/JV)

2000/EES/33/01

1. Framkvæmdastjórninni barst 11. júlí 2000 tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 4064/89⁽¹⁾, eins og henni var síðast breytt með reglugerð (EB) nr. 1310/97⁽²⁾, þar sem fyrirtækið Telefónica Internacional S.A. (TISA), sem tilheyrir Telefónica-samstæðunni og Tyco International Ltd (Tyco) öðlast, í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. fyrrnefndrar reglugerðar, sameiginleg yfirráð yfir Telefónica SAm S.A., sem er nýstofnað fyrirtæki um sameiginlegt verkefni, með kaupum á hlutum.
2. Viðskiptastarfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
 - TISA (Spáni): fjarskiptastarfsemi, einkum í rómönsku Ameríku,
 - Tyco (Bermúdaeyjum): margþætt framleiðslu- og þjónustufyrirtæki, meðal annars í neðansjávarljósleiðarasamskiptakerfum,
 - Telefónica SAm (JV, Úrúgvæ): uppsetning, rekstur og markaðssetning á neðansjávarljósleiðarasamskiptakerfum fyrir lönd í rómönsku Ameríku.
3. Að undangenginni forkönnun telur framkvæmdastjórnin að samfylkingin sem tilkynnt hefur verið geti fallið undir gildissvið reglugerðar (EBE) nr. 4064/89. Þó er lokaákvörðun hvað þetta atriði varðar frestað um sinn.
4. Framkvæmdastjórnin gefur þriðju aðilum, sem eiga hagsmuna að gæta, kost á að koma hugsanlegum athugasemdum sínum varðandi fyrirhugaða aðgerð á framfæri við sig.

Athugasemdir verða að hafa borist framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá birtingu þessarar tilkynningar í Stjtið. EB C 205, 19.7.2000. Athugasemdirnar má senda til framkvæmdastjórnarinnar um bréfasíma (nr. +32 2 296 43 01 eða 296 72 44) eða í pósti, með tilvísun til máls nr. COMP/M.1926 – Telefónica/Tyco/JV, á eftirfarandi heimilisfang:

European Commission
Directorate-General for Competition
Directorate B – Merger Task Force
Rue Joseph II/Jozef II-straat 70
B-1000 Bruxelles/Brussel.

(1) Stjtið. EB L 395, 30.12.1989, bls. 1, leiðrétt með Stjtið. EB L 257, 21.9.1990, bls. 13.

(2) Stjtið. EB L 180, 9.7.1997, bls. 1, leiðrétt með Stjtið. EB L 40, 13.2.1998, bls. 17.

**Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja
(Mál nr. COMP/M.1940 – Framatome/Siemens/Cogema/JV)****2000/EES/33/02**

1. Framkvæmdastjórninni barst 10. júlí 2000 tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 4064/89⁽¹⁾, eins og henni var síðast breytt með reglugerð (EB) nr. 1310/97⁽²⁾, þar sem fyrirtækin Framatome S.A. (Framatome), Frakklandi, Siemens AG (Siemens), Þýskalandi, og Cogema S.A. (Cogema), Frakklandi, öðlast, í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. fyrrnefndrar reglugerðar, sameiginleg yfirlit yfir fyrirtækinu NewJV með kaupum á hlutum í nýstofnuðu fyrirtæki um sameiginlegt verkefni.
2. Viðskiptastarfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
 - Framatome: hönnun og framleiðsla á kjarnorkubúnaði, sem og hönnun, framleiðsla og markaðssetning á búnaði fyrir kjarnakleypf efni,
 - Siemens: starfsemi er lýtur að orkuframleiðslu, sjálfvirkum búnaði til notkunar í iðnaði, lækningatækjum, ljósabúnaði, upplýsinga- og samskiptatækni, vélknúnum búnaði og hálfleiðurum,
 - Cogema: úraníumleit, kemísk umbreyting á úraníum, endurvinnsla á notuðu eldsneyti, vélaverkfræði,
 - NewJV: hönnun, framleiðsla, markaðssetning og þjónusta á sviði kjarnorkutækni.
3. Að undangenginni forkönnun telur framkvæmdastjórnin að samfylkingin sem tilkynnt hefur verið geti fallið undir gildissvið reglugerðar (EBE) nr. 4064/89. Þó er lokaákvörðun hvað þetta atriði varðar frestað um sinn.
4. Framkvæmdastjórnin gefur þriðju aðilum, sem eiga hagsmuna að gæta, kost á að koma hugsanlegum athugasemdum sínum varðandi fyrirhugaða aðgerð á framfæri við sig.

Athugasemdir verða að hafa borist framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá birtingu þessarar tilkynningar í Stjtið. EB C 203, 18.7.2000. Athugasemdirnar má senda til framkvæmdastjórnarinnar um bréfasíma (nr. +32 2 296 43 01 eða 296 72 44) eða í pósti, með tilvísun til máls nr. COMP/M.1940 – Framatome/Siemens/Cogema/JV á eftirfarandi heimilisfang:

European Commission
Directorate-General for Competition
Directorate B – Merger Task Force
Rue Joseph II/Jozef II-straat 70
B-1000 Bruxelles/Brussel.

**Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja
(Mál nr. COMP/M.2016 – France Télécom/Orange)****2000/EES/33/03**

1. Framkvæmdastjórninni barst 7. júlí 2000 tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 4064/89⁽¹⁾, eins og henni var síðast breytt með reglugerð (EB) nr. 1310/97⁽²⁾, þar sem franska fyrirtækið France Télécom S.A. (FT) öðlast, í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. fyrrnefndrar reglugerðar, yfirlit yfir öllu breska fyrirtækinu Orange Plc (Orange) með kaupum á hlutum.

(1) Stjtið. EB L 395, 30.12.1989, bls. 1, leiðrétt með Stjtið. EB L 257, 21.9.1990, bls. 13.

(2) Stjtið. EB L 180, 9.7.1997, bls. 1, leiðrétt með Stjtið. EB L 40, 13.2.1998, bls. 17.

2. Viðskiptastarfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
 - FT: fjarskipti,
 - Orange: farsímastarfsemi.
3. Að undangenginni forkönnun telur framkvæmdastjórnin að samfylkingin sem tilkynnt hefur verið geti fallið undir gildissvið reglugerðar (EBE) nr. 4064/89. Þó er lokaákvörðun hvað þetta atriði varðar frestað um sinn.
4. Framkvæmdastjórnin gefur þriðju aðilum, sem eiga hagsmuna að gæta, kost á að koma hugaslegum athugasemdum sínum varðandi fyrirhugaða aðgerð á framfæri við sig.

Athugasemdir verða að hafa borist framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá birtingu þessarar tilkynningar í Stjtið. EB C 205, 19.7.2000. Athugasemdirnar má senda til framkvæmdastjórnarinnar um bréfasíma (nr. +32 2 296 43 01 eða 296 72 44) eða í pósti, með tilvísun til máls nr. COMP/M.2016 – France Télécom/Orange á eftirfarandi heimilisfang:

European Commission
Directorate-General for Competition
Directorate B – Merger Task Force
Rue Joseph II/Jozef II-straat 70
B-1000 Bruxelles/Brussel.

Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja **2000/EES/33/04**
(Mál nr. COMP/M.2032 – SCA Packaging/Metsä Corrugated)

1. Framkvæmdastjórninni barst 11. júlí 2000 tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 4064/89⁽¹⁾, eins og henni var síðast breytt með reglugerð (EB) nr. 1310/97⁽²⁾, þar sem sænska fyrirtækið SCA Packaging öðlast, í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. fyrrnefndrar reglugerðar, yfirráð yfir öllu finnska fyrirtækinu Metsä Corrugated með kaupum á hlutum.
2. Viðskiptastarfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
 - SCA Packaging: framleiðsla á hreinlætisvörum, umbúðum og grafíkappír,
 - Metsä Corrugated: framleiðsla á kössum úr bylgjupappa.
3. Að undangenginni forkönnun telur framkvæmdastjórnin að samfylkingin sem tilkynnt hefur verið geti fallið undir gildissvið reglugerðar (EBE) nr. 4064/89. Þó er lokaákvörðun hvað þetta atriði varðar frestað um sinn.
4. Framkvæmdastjórnin gefur þriðju aðilum, sem eiga hagsmuna að gæta, kost á að koma hugaslegum athugasemdum sínum varðandi fyrirhugaða aðgerð á framfæri við sig.

(¹) Stjtið. EB L 395, 30.12.1989, bls. 1, leiðrétt með Stjtið. EB L 257, 21.9.1990, bls. 13.

(²) Stjtið. EB L 180, 9.7.1997, bls. 1, leiðrétt með Stjtið. EB L 40, 13.2.1998, bls. 17.

Athugasemdir verða að hafa borist framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá birtingu þessarar tilkynningar í Stjtið. EB C 205, 19.7.2000. Athugasemdirnar má senda til framkvæmdastjórnarinnar um bréfasíma (nr. +32 2 296 43 01 eða 296 72 44) eða í pósti, með tilvísun til máls nr. COMP/M.2032 – SCA Packaging/Metsä Corrugated á eftirfarandi heimilisfang:

European Commission
Directorate-General for Competition
Directorate B – Merger Task Force
Rue Joseph II/Jozef II-straat 70
B-1000 Bruxelles/Brussel.

**Ný tilkynning um áður tilkynnta samfylkingu fyrirtækja 2000/EES/33/05
(Mál nr. COMP/M.2052-Industri Kapital/Alfa Laval Holding)**

1. Framkvæmdastjórninni barst 22.6.2000 tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 4064/89⁽¹⁾, eins og henni var síðast breytt með reglugerð (EB) nr. 1310/97⁽²⁾, þar sem samstæðan Industri Kapital óðlast, í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. fyrrnefndrar reglugerðar, yfirráð yfir öllu fyrirtækinu Alfa Laval Holding AB, Svíþjóð, með kaupum á hlutum.
2. Tilkynningin var lýst ófullnægjandi 10.7.2000. Viðkomandi fyrirtæki hafa nú lagt fram nánari upplýsingar og varð tilkynningin fullnægjandi í skilningi 1. mgr. 10. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 4064/89 þann 11.7.2000. Þar með óðlaðist tilkynningin gildi 12.7.2000.
3. Framkvæmdastjórnin gefur þriðju aðilum sem eiga hagsmuna að gæta kost á að koma hugsanlegum athugasemdum sínum varðandi fyrirhugaða aðgerð á framfæri við sig.

Athugasemdir verða að hafa borist framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá birtingu þessarar tilkynningar í Stjtið. EB C 203, 18.7.2000. Athugasemdirnar má senda til framkvæmdastjórnarinnar um bréfasíma (nr. +32 2 296 43 01/296 72 44) eða í pósti, með tilvísun til máls nr. COMP/M.2052-Industri Kapital/Alfa Laval Holding, á eftirfarandi heimilisfang:

European Commission
Directorate-General for Competition
Directorate B – Merger Task Force
Rue Joseph II/Jozef II-straat 70
B-1000 Bruxelles/Brussel.

(1) Stjtið. EB L 395, 30.12.1989, bls. 1, leiðrétt með Stjtið. EB L 257, 21.9.1990, bls. 13.

(2) Stjtið. EB L 180, 9.7.1997, bls. 1, leiðrétt með Stjtið. EB L 40, 13.2.1998, bls. 17.